

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 6. mars 2024 í máli nr. 90/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 30. ágúst 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X, („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y, („varnaraðili“), í tengslum við leigu á bifreið.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða reikning að fjárhæð 216.853 krónur vegna leigu á lánsbifreið. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 31. ágúst 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 5. september 2023. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum varnaraðila og síðari athugasemdir varnaraðila bárust sama dag.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda aðila, afrit af skriflegum samskiptum aðila, skjáskot af farsímagögnum sóknaraðila, skjáskot frá varnaraðila, afrit af leigusamningi aðila, afrit af samskiptum sóknaraðila við [...], afrit af skilmálum varnaraðila, afrit af reikningi vegna leigu á lánsbifreið og staðfesting á greiðslu reiknings.

Með bréfi, dags. 6. mars 2024 var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls má ráða að aðilar gerðu með sér samning, dags. 13. september 2021, um langtímaleigu á bifreið með skráningarnúmerið [...]. Umsamið heildarverð á mánuði vegna leigunnar var 64.900 krónur, með fyrirvara um verðbreytingu samkvæmt vísitölu neysluverðs. Þann 19. september 2022 fór bifreiðin í viðgerð á vegum varnaraðila og sóknaraðili fékk lánsbifreið með skráningarnúmerið [...] til notkunar á meðan viðgerð stóð. Að sögn varnaraðila var bifreið [...] tilbúin úr viðgerð þann 18. október 2022 en lánsbifreið [...] var skilað þann 9. nóvember sama ár. Þann 5. desember 2022 var úttekt af korti sóknaraðila að fjárhæð 216.853 krónur vegna leigu á lánsbifreið [...]. Sóknaraðili hafði í kjölfarið samband við [...] og gerði athugasemdir við umrædda færslu. Þann 26. apríl 2023 tilkynnti [...] sóknaraðila að ágreiningur vegna framangreindrar færslu varnaraðila hafi fallið sóknaraðila í hag og 216.853 krónur yrðu endurgreiddar á kort sóknaraðila. Nokkru síðar barst sóknaraðila greiðslukrafa í heimabanka að sömu fjárhæð vegna málsins sem hefur verið greidd. Sóknaraðili kveðst vera ósáttur við gjaldtöku varnaraðila og krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða reikninginn.

Aðila greinir á um réttmæti reiknings vegna leigu á lánsbifreið [...]. Sóknaraðili kveðst hafa fengið þær upplýsingar frá varnaraðila að hann fengi bifreið sér að kostnaðarlausu á meðan viðgerð færi fram. Að sögn sóknaraðila hafði hann í fjórgang samband við varnaraðila til að spyrjast fyrir um stöðuna á viðgerð á bifreið [...] en að hann hafi ekki fengið upplýsingar um að bifreiðin væri tilbúin fyrr en [...]. Varnaraðili byggir á því að reynt hafi verið að hafa samband í síma sóknaraðila að viðgerð lokinni þann 18. október og síðan þann 28. október, en án árangurs. Þá hafi verið sendur tölvupóstur þann 18. október á skráð netfang samkvæmt leigusamningi þar sem sóknaraðili hafi verið upplýstur um að bifreiðin væri tilbúin úr viðgerð og að rukkað yrði daggjald fyrir lánsbifreiðina ef henni yrði ekki skilað innan tveggja daga. Sóknaraðili hefur bent á að netfangið sem varnaraðili sendi á sé ekki virkt.

IV

Niðurstaða

Aðilar gerðu með sér samning um langtímaleigu á bifreið [...] þann 13. september 2021. Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Þá segir í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum.

Fyrir liggur að bifreið [...] fór í viðgerð á vegum varnaraðila í september 2022 og sóknaraðili fékk lánsbifreið [...] til afnota á meðan. Þá liggur fyrir að þann 18. október 2022 sendi varnaraðili tölvupóst á netfangið [...] og upplýsti um að bifreið [...] væri tilbúin úr viðgerð og að rukkað yrði daggjald fyrir lánsbifreiðina samkvæmt skilmálum varnaraðila ef henni yrði ekki skilað innan tveggja daga frá sendingu tölvupóstsins. Fyrir liggur að lánsbifreið [...] var skilað þann 9. nóvember 2022. Þann 5. desember 2022 var kort sóknaraðila rukkað um 216.853 krónur vegna leigu á lánsbifreið og síðar barst sóknaraðila krafa að sömu fjárhæð í heimabanka. Samkvæmt framlögðum reikningi var sóknaraðili rukkaður um leigugjald auk kílómetragjalds og tryggingar fyrir tímabilið 18. október til 9. nóvember 2022. Sóknaraðili hefur lagt fram staðfestingu á greiðslu kröfunnar en telur umræddan reikning varnaraðila ólögmætan og gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum 216.853 krónur.

Sóknaraðili kveðst ekki hafa fengið símtal frá varnaraðila og hefur bent á að netfangið sem varnaraðili hafi sent á sé óvirkt. Þá byggir sóknaraðili á að varnaraðili hafi ekki leitað allra leiða til að hafa samband og vísar m.a. til þess að engin bréf hafi borist með hefðbundnum pósti frá varnaraðila á heimili þeirra vegna málsins. Varnaraðili hefur borið því við að hafa upplýst sóknaraðila um gjaldtökuna í tölvupósti á netfang sem var skráð í leigusamningi aðila. Þá hefur hann bent á að reynt hafi verið að hringja í númerið sem var skráð þegar bifreið [...] kom í viðgerð, fyrst þann 18. október 2022 og síðan 28. október, án árangurs. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum er það símanúmer í eigu [...] sóknaraðila en annað símanúmer var skráð í leigusamningi aðila.

Í 49. gr. skilmála varnaraðila um langtímaleigu sem var hluti af leigusamningi aðila kemur fram að leigusali áskilji sér rétt til að gjaldfæra leigu samkvæmt verðskrá ef leigutaki skilar ekki lánsbifreið, sem honum hefur verið afhent í stað hinnar leigðu vegna viðhalds, bilana eða tjónsviðgerðar, innan þriggja daga frá skriflegri kröfu leigusala um það. Fyrir liggur að varnaraðili sendi tölvupóst á netfang sem var skráð í leigusamning, sem báðir aðilar höfðu skrifað undir, og upplýsti um að viðgerð væri lokið og að daggjald yrði lagt á samkvæmt skilmálum. Fyrir liggur að engin melding barst um óvirkt netfang þegar tölvupóstur er sendur á skráð netfang og mátti varnaraðili því gera ráð fyrir að tölvupósturinn hafði borist. Í málinu liggja auk þess fyrir handskrifaðar nótur um símhringingar starfsmanns varnaraðila til [...] sóknaraðila og kemur þar fram að enginn hafi svarað í símann.

Varnaraðili hefur sýnt fram á að hafa sent tölvupóst á skráð netfang samkvæmt leigusamningi og upplýst um að viðgerð væri lokið. Fyrir liggur að sóknaraðili skrifaði undir umræddan leigusamning þar sem rangt netfang kom fram. Að mati kærunefndarinnar ber sóknaraðili ábyrgð á að hafa ekki brugðist við tilkynningu varnaraðila um að viðgerð væri lokið. Með vísan til framangreinds fellst kærunefndin á það með varnaraðila að hann eigi rétt á greiðslu fyrir leigu á lánsbifreið [...] dagana 18. október – 9. nóvember 2022 í samræmi við skilmála varnaraðila.

Heildarupphæðin sem sóknaraðili var krafinn um vegna leigu á lánsbifreið umrætt tímabil er 216.853 krónur en sóknaraðili greiddi 70.619 krónur í mánaðarleigu á bifreið [...] á sama tíma. Undir rekstri málsins óskaði kærunefndin eftir að varnaraðili legði fram verðskrá sem vísað er til í skilmálum varnaraðila en hún er ekki birt á vefsíðu varnaraðila. Kærunefndinni bárust ekki fullnægjandi gögn þrátt fyrir ítrekun beiðninnar. Leiguverð vegna lánsbifreiðarinnar er að mati kærunefndarinnar óeðlilegt og mun herra en sóknaraðili mátti gera ráð fyrir. Þá er ljóst er að sóknaraðili var ekki upplýstur sérstaklega um að svo hárrar leigu kynni að verða krafist ef bifreiðinni yrði ekki skilað. Með vísan til framangreinds telur kærunefndin rétt að sóknaraðili verði látinn greiða hlutfall af leiguverði samkvæmt leigusamningi aðila, enda hefur varnaraðili ekki sýnt fram á annað verð. Sóknaraðili hafði lánsbifreið á leigu í 22 daga frá því að tilkynning um að viðgerð væri lokið barst frá varnaraðila og er því hæfilegt að sóknaraðili greiði samtals 51.787 krónur vegna leigu á bifreið [...]. Ber varnaraðila samkvæmt framangreindu að endurgreiða sóknaraðila mismuninn, eða 165.066 krónur.

V
Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að endurgreiða sóknaraðila, X, 165.066 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson